

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu séra Óskari J. Þorlákssyni er óskýlt að svara framangreindum spurningum.

Mánudaginn 21. marz 1960.

Nr. 171/1959. **Engilbert Jóhannsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Smiði h/f (Áki Jakobsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Theodór B. Línal.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 121.357.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri þar eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur verið lögð fram álitsgerð tveggja sérfróðra matsmanna, sem dómkvaddir voru eftir uppsögu héraðsdóms til að kynna sér aðstæður á slysstað og skoða trésmiðavél þá, sem áfrýjandi vann við, er hann slasaðist. Telja matsmenn slysahættu samfara notkun óvarins nót-

sagarblaðs, er tennur þess eru slitnar orðnar. Þá hefur komið fyrir dóm stjórnarmaður stefnda, Gizur Þorsteinn Magnússon, er haft hefur á hendi umsjón með vélavinnu fyrir-tækisins. Hann kveðst, áður en slysið varð, hafa talið óhæfi-legt að nota umrætt nótsagarhjól og tjáð framkvæmdastjóra stefnda, að endurnýja þyrfti hjólið vegna slits.

Eins og í héraði styður áfrýjandi fébótakröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að slys hans verði rakið til slitgalla á greindu nótsagarhjóli, er stefndi beri ábyrgð á. Áfrýjandi var stjórnarformaður hins stefnda félags, vann sjálfur við trésmiðavél þá, sem um er að tefla, og þekkti gerla til slíkra véla og verka. Sem stjórnanda félagsins bar honum að hlutast til um, að gallað tæki væri tekið úr notkun, og getur hann ekki haft uppi kröfur á hendur félaginu af því efni, að vanrækt var það, sem hann sjálfur átti að annast.

Þá hefur áfrýjandi hreyft því, að dæma beri stefnda ábyrgð á tjóni hans af slysinu, þar sem telja verði vinnu við trésmiðavélar hættulegan starfa. En hvað sem því liður, er málsástæða þessi haldlaus þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi átti sjálfur, eins og að framan greinir, sök á því hættuástandi, sem hann telur hafa leitt til slyssins.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðs-dóminn.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi kvatt sérfróða menn til að fara með og dæma málið með sér, svo sem réttara hefði verið, sbr. 3. tl. 1. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.-000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Engilbert Jóhannssyni smið, Kirkjuvegi 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 4. marz 1958, birtri 4. s. m., á hendur stjórn Smiðs h.f. fyrir hönd félagsins, þeim Magnúsi Magnússyni, Ásaveg 27, Þorsteini Magnússyni, Ásaveg 26, og Agli Kristjánssyni, varastjórnanda, Ásaveg 24, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á tjónbótum út af slysi, sem hann varð fyrir hinn 20. október 1956. Svo var og Erling Ellingsen framkvæmdastjóra, Miklubraut 9, Reykjavík, stefnt til réttargæzlu fyrir hönd Tryggingar h.f.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi, Smiður h.f., verði dæmdur til að greiða honum kr. 120.887.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1958 til greiðsludags, kr. 470.00 fyrir útreikning á örorkumati, svo og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati dómsins.

Stefnandi hefur unnið hjá hinu stefnda félagi undanfarin ár. Hann er eigandi að $\frac{1}{4}$ hluta hlutafjár félagsins og er formaður í stjórn þess og annar prókúruhafi. Að morgni þess 20. október 1956 var hann að vinna við fræsara á vinnustofu félagsins og var að nóta í ameríska furu, sem er nokkuð harðari en venjulegar furutegundir. Allt í einu var því líkast sem hann fengi högg á vinstri hönd, og er hann leit á höndina, var hún alblóðug. Gekk hann þegar til samstarfsmanna sinna, sem voru að vinna á öðrum stað á verkstæðinu og höfðu þar af leiðandi ekki séð, hvernig slysið vildi til. Er hann kom til þeirra, blæddi mikið úr hendinni. Var þegar bundið um höndina, og fór stefnandi síðan upp á sjúkrahús og kom þangað um átta-leytið. Skoðaði læknir meiðsli hans og hefur gefið lýsingu á þeim á þessa leið:

„Allir fingur vinstri handar eru skaddaðir nema þumalfingur. Gómurinn á vísifingri er töluvert tættur og fremsti hluti naglarinnar. Sárið er nokkuð djúpt, nær ca $1\frac{1}{2}$ cm upp í góminn volart. Á löngutöng hefur fremsta kjúkan nær alveg farið af um fremsta kjúkulið, hangir aðeins í húðinni meðíalt, rúmlega helmingur circumferentíunnar er í sundur, og lateralt hefur dálítil hluti farið í burtu, sést þar í beinendana. Liðflöturinn á fremri kjúkunni er allur tættur, og á miðkjúkunni er hann allur í burtu og hluti af aðliggjandi beini. Á baugfingri er nöglin

tætt og hangir aðeins við í pörtum. Framan við miðkjúkulið, dorsalt, er ca 1 cm langur skurður. Gómurinn og nöglin á litlafingri eru tætt, svo og nöglin á fingrinum.“

Stefnandi varð alveg óvinnufær vegna slyssins allt fram til 1. apríl 1957, en fór þá að reyna að vinna og var þá að áliti læknis vinnufær að ca $\frac{1}{3}$ hluta. Eftir umsögn læknisins var stefnandi þá mikið багаður af dofa í fingrunum, gat t. d. ekki tekið upp venjulega nagla með vísifingri og þumalfingri. Gómur vísifingurs var sleiktur burt inn að beinendanum. Langatöng var stutt, snúin lateralt, og fremsti liðurinn alveg stirður (ankylosis), næsti liður fyrir ofan er og líka að mestu leyti stirður. Sárin á baug- og litlafingri voru gróin, en hörð og tilfinninga-sljó. Höndin var öll rýrnuð og aflminni en vera átti.

Hinn 28. desember 1957 gaf læknirinn svohljóðandi lýsingu á ástandi handarinnar:

„Vísifingur: Gómurinn er sleiktur og rýr, kuldi og dofi sækja á hann. Næmleiki er mjög lítill til að taka upp fína hluti með honum.

Langatöng: Fremsta kjúkan er sveigð (disloceruð) til hliðar og liðurinn staur (ankylosis). Næsti liður fyrir ofan er líka að mestu stirður.

Baugfingur: er rýrnaður að ofan um miðkjúkuna, svo og gómurinn. Báðir fremri liðir að kalla stirðir (ankylosis).

Litlifingur er og rýrnaður, og liðirnir mikið til stirðir, ca $4\frac{1}{2}$ cm vantar til að fingurnir nái inn í lófann við aktiva beygingu. Kraftur handarinnar við kreistingu er varla nema $\frac{1}{3}$ af því, sem vera ætti. Svona hönd bagar slasaða að sjálfsgöðu mjög mikið og hindrar hann í starfi. Hann getur t. d. ekki haldið á nöglum í lófanum, þeir renna út.“

Hinn 28. janúar 1958 var stefnandi metinn hjá Tryggingastofnun ríkisins 18% varanlegur öryrki vegna slyssins samkvæmt vottorði Bergþórs Smára tryggingarlæknis.

Um atvik að slysinu er stefnandi einn til frásagnar. Kvaðst hann vera vanur að vinna við fræsarann og hafi í umrætt sinn notað sama nótsagarhjól og hann hefði alltaf notað. Kveðst hann ekki hafa vitað annað en að hjólið hafi verið í lagi. Hann kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður og borið sig að við vinnuna á sama veg og endranær og ekki orðið fyrir neinum truflunum, enda var hann einn á þessum stað á verkstæðinu. Kvaðst hann hafa einbeitt athygli sinni að hlutunum, sem hann var að vinna að,

og ekki gefið gaum að neinu öðru. Allt í einu atvikaðist þó svo, að vinstri hönd hans lenti í nótsagarhjólinu með þeim afleiðingum, sem áður er lýst. Tveir samstarfsmenn hans og meðeigendur að fyrirtækinu voru leiddir sem vitni. Kváðu þeir öryggisútbúnað vélarinnar hafa verið í fyllsta lagi, en nótsagarhjólíð hafi verið farið að slitna, og búið var að fá nýtt hjól. Hins vegar var ekki búið að skipta um hjól, þar eð vel hefði mátt nota gamla hjólíð, eins og það var. Slit hjólsins virðist þó hafa leitt til þess, að gæta þurfti meiri varúðar, er unnið var að hörðum viði. Samkvæmt vottorði Öryggiseftirlits ríkisins frá 11. desember 1956 var öryggisútbúnaður véla hins stefnda fyrirtækis í góðu lagi eins og áður, og fræsarinn, sem stefnandi vann við, er hann hlaut meiðsli sín, í góðu ástandi. Lagðar hafa verið einnig fram skýrslur Öryggiseftirlits ríkisins um skoðun hjá hinu stefnda fyrirtæki hinn 28. desember 1955 og 29. desember 1956, og segir í báðum, að bún-aður sé góður.

Er Tryggingastofnun ríkisins hafði látið meta varanlega örorku stefnanda hinn 28. janúar 1958, fékk stefnandi Jón E. Þorláksson tryggingafræðing til þess að gera upp tjón sitt vegna slyssins. Skilaði hann uppgjöri hinn 21. febrúar 1958. Lagði hann til grundvallar mat lækna á örorku stefnanda hinn 1. apríl 1957 og 28. janúar 1958 og gerði sjálfur áætlun um lækkun örorkunnar á því tímabili, sem lá á milli þessara tímamarka. Hann fékk upplýsingar um kaupgreiðslur hins stefnda fyrirtækis til smíða á tímabilinu október 1956 til apríl 1957 og miðaði við þær greiðslur í útreikningum sínum og gerði jafnframt ráð fyrir hækkun á kaupi í samræmi við hækkun kaupgjaldsvísitölu. Reiknað var með 6% ársvöxtum, líkum fyrir vinnufærni eftir sænskri reynslu, en lífslíkur eftir íslenskri reynslu. Á þessum grundvelli reiknaðist honum vinnutap stefnanda nema kr. 47.622.00 á tímabilinu frá slysdegi til 28. janúar 1958 og kr. 99.021.00 eftir það, eða alls kr. 146.643.00. Uppgjörið var miðað við 28. janúar 1958, og bæri því að bæta við vöxtum frá þeim degi. Ekki var tekið tillit til opinberra gjalda af tekjum, og taldi hann því rétt að lækka upphæðina þeirra vegna e. t. v. um 10—15%. Sömu leiðis bæri að draga frá dagpeninga og örorkubætur, er stefnandi hafði fengið.

Nokkru áður en slysið vildi til, hafði hið stefnda félag keypt ábyrgðartryggingu hjá Tryggingu h.f. gegn skaðabótaskyldu, sem á félagið kynni að falla samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenju. Með bréfi, dags. 21. desember 1958, sendi stefnda trygging-

arfélaginu tilkynningu um slysið. Eftir athugun á málavöxtum taldi tryggingarfélagið sér óskýlt að greiða bætur vegna slyssins og hafnaði þeim bótakröfum, er fram höfðu komið.

Í máli þessu er upphæð tjónbótanna byggð á útreikningum tryggingafræðingsins, og er stefnukrafan fengin út á þenna hátt: Vinnutap stefnanda, samkvæmt útreikningum

Jóns E. Þorlákssonar	kr. 146.643.00		
Frá þeirri upphæð ber að draga			
10% vegna opinberra gjalda og			
vegna sennilegs atvinnuleysis	kr. 14.664.30		
Greiddir dagpeningar frá Trygg-			
ingastofnun ríkisins	— 7.440.00		
Greitt örorkufé	— 18.651.00	—	40.755.30
og kemur þá út	kr. 105.887.70		
Við þá fjárhæð leggur hann síðan bætur fyrir			
þjáningar, lýti og óþægindi	— 15.000.00		

og verður því stefnukrafan

kr. 120.887.70			
----------------	--	--	--

Í stefnu og greinargerð færði stefnandi þau rök fyrir kröfum sínum, að vinna við trésmíðavélar væri hættuleg og bæri því stefnda skaðabótaábyrgð á tjóninu, að því er virðist án tillits til þess, hvort um sök var að ræða hjá fyrirtækinu eða ekki. Í hinum munnlega málflutningi lagði hann hins vegar höfuðáherzluna á, að um sök hefði verið að ræða hjá forráðamönnum fyrirtækisins, þar eð þeim hafi borið að taka umrætt nótsagarhjól úr vegna slits, áður en slysið vildi til, og hafi bakað félaginu skaðabótaábyrgð með því að láta það undir höfuð leggjast.

Af hálfu hins stefnda félags hefur því verið algerlega mótmælt, að félagið beri nokkra skaðabótaábyrgð á slysinu. Vélin hafi verið í fullkomnu lagi og með tilskildum öryggisútbúnaði, og hljóti því gáleysi stefnanda sjálfs að hafa verið orsök slyssins. Þá hefur stefnda lagt á það mikla áherzlu, að stefnandi vann ekki á verkstæðinu undir annarra stjórn, er slysið skeði, heldur hafi hann sjálfur haft verkstjórn á hendi. Svo beri og á það að líta, að stefnandi var stór hluthafi, stjórnarformaður og prókúruhafi í félaginu. Kröfuupphæðinni mótmælti stefnda sem of hárrí og tíndi margt til. Eins og fyrr getur, liggur fyrir í málinu vottorð frá Öryggis-
eftirliti ríkisins, dags. 11. desember 1956, og er þar framtekið, að vélin, sem stefnandi vann við, er hann hlaut meiðsli sín, sé í góðu ástandi. Í vottorði þessu er ekki minnzt á nótsagarhjólíð,

og ganga virðist mega út frá, að í því felist ekki umsögn um ástand þess. Umsagnir hlutlausra manna um ástand þess og not-hæfi eru því ekki fyrir hendi, og úr því verður ekki lengur bætt, þar eð hjólið er glatað, eins og upplýst var við hinn munnlega mál-flutning. Fyrir liggja því ekki aðrar upplýsingar en umsagnir stefnanda sjálfs og samstarfsmanna hans tveggja, sem hér að framan eru raktar. Af umsögnum þeirra verður ekki ráðið, að hjólið hafi verið orðið ónothæft, er slysið vildi til. Sönnur hafa þar af leiðandi ekki verið að því leiddar, að um nokkra sök hafi verið að ræða hjá forráðamönnum félagsins, er leitt geti til skaðabótaábyrgðar. Og um skaðabótaábyrgð á öðrum grundvelli virðist ekki heldur vera að ræða, enda vann stefnandi hjá félaginu undir eigin stjórn og var auk þess stór hluthafi, stjórnarformaður og prókúruhafi. Verður því niðurstaða málsins, að hið stefnda félag verður sýknað að öllu leyti af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Eg-ill Kristjánsson f. h. Smiðs h.f., skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Engilberts Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
